

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 113/2016

2017/EES/76/10

frá 3. júní 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/263 frá 25. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar fyrirsögn matvælaflokks 12.3 „Edik“<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 0263:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/263 frá 25. febrúar 2016 (Stjtíð. ESB L 50, 26.2.2016, bls. 25).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/263, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júní 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram<sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júní 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 50, 26.2.2016, bls. 25.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.